BORGARRÁÐ 11. júní 2020: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að stutt verði við börn með einkenni ADHD sem eru á biðlista eftir ADHD greiningu

Almennt: Tölvupóstur
Málsnúmer: SFS2020060140
Bréfalyklar: 4.4 Sérstakur stuðningur
Eigandi skjals: Anna María Arnardóttir
Staða: Í vinnslu
Dagsetningar:
Búið til: 06/16/2020 12:00:00 AM
Dagsetning skjals: 06/15/2020

Upplýsingar um viðskiptavin:
,
Netfang: Olof.Magnusdottir@reykjavik.is

| | | | |
|---|---|---|---|
| Skjalalykill | 4.4 Sérstakur stuðningur | Málsnúmer | SFS2020060140 |
| Móttökudags. | 06/15/2020 | Skráð í GoPro | 16.06.2020 |

| Viðtakandi | | Sendandi | |
|---|---|---|---|
| Deild (Ráðhúss) | Skóla og frístundasvið | Fyrirtæki/stofnun | |
| Starfsmaður | | Nafn | |
| | | Kennitala: | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Tegund skjals | Tölvupóstur | Fyrir Borgarráð | |
| Efnisorð | | | |
| Eldri skjalalykill | | Er flokkað eftir eldri skjalalykli í skjalasafni. | ○ Já ● Nei |

Sent: Sent til:

Frá: Olof.Magnusdottir@reykjavik.is
Dags: 15.6.2020 17:00:58
Til: SFS
Efni: Fw: BORGARRÁÐ 11. júní 2020: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að stutt verði við börn með einkenni ADHD sem eru á biðlista eftir ADHD greiningu - R20060106
---------------------------------------------------------

Tilvísun í mál: R20060106

Sæl
Meðfylgjandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að stutt verði við börn með einkenni ADHD sem eru á biðlista eftir ADHD greiningu er send skóla- og frístundaráði til meðferðar.
Í samræmi við breytt verklag við fundi borgarráðs er tillagan nú á forræði skóla- og frístundaráðs og leggja skal hana fram á þeim vettvangi til afgreiðslu.
Ekki þarf að upplýsa borgarráð um frekari vinnslu málsins.

Kveðja,
Ólöf Magnúsdóttir
Skrifstofa borgarstjórnar
Ráðhús Reykjavíkur
s. 411 4703
olof.magnusdottir@reykjavik.is <mailto:olof.magnusdottir@reykjavik.is>

BORGARRÁÐ 11. júní 2020: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að stutt verði við börn með einkenni ADHD sem eru á biðlista eftir ADHD greiningu - R20060106

BORGARRÁÐ 11. júní 2020: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að stutt verði við börn með einkenni ADHD sem eru á biðlista eftir ADHD greiningu - R20060106

Tillaga um frekari námslegan stuðning við börn með einkenni ADHD og fyrirbyggjandi ráðgjöf fyrir foreldra þeirra á meðan biðtíma eftir greiningu og sálfræðiaðstoð stendur. Í febrúar sl. voru 674 börn á biðlista eftir ADHD greiningu, þar af 429 að bíða eftir fyrstu þjónustu og 245 börn eftir frekari þjónustu. Þessi langi biðlisti er með öllu ólíðandi. Flokkur fólksins hefur lagt fram tillögur sem lúta að styttingu biðlista m.a. að sálfræðingum verði fjölgað og að samstarf við Þroska- og hegðunarstöð verði formgert. Til að koma til móts við þessi börn og foreldra þeirra leggur Flokkur fólksins til við skóla- og frístundaráð að börnin á biðlistanum fái frekari aðstoð en nú er veitt og sérstaklega við „heimanám“. Flokkur fólksins leggur jafnframt til að foreldrar barna á biðlistanum fái sérstaka fræðslu um ADHD ásamt ráðgjöf á meðan biðtímanum stendur. Í „snemmtækri íhlutun“ verður að felast fleiri og markvissari úrræði til að létta undir með foreldrum og börnum á meðan bið eftir aðstoð fagaðila stendur. Hvert barn skiptir máli og hvert ár á þessum mikilvægu mótunarárum getur haft áhrif á sálarlíf þess áratugum saman. Það hlýtur að vera vilji borgarstjórnar að tryggja börnum með ADHD betri farveg í grunnskólakerfinu og vonar Flokkur fólksins að nú verði vandinn viðurkenndur og lausnir settar í farveg.

- OutlookMessageContent.msg